

**Skipulagt tómstundastarf
hefur ótvírætt forvarnargildi
þar sem starfið stuðlar að
jákvæðum og þroskandi sam-
skiptum, örvar félagsþroska
og lýðræðisvitund ásamt því
að styrkja sjálfsmynd barna
og unglunga.**

**Samkvæmt könnun sem við
gerðum vorið 2018 kemur í
ljós að mikil þörf er á
námskeiðum sem efla sjálf-
stæði og sjálfsöryggi. Við
reynum því eftir bestu getu
að mæta kröfum foreldra og
barna.**

**Félagsmiðstöðvar Akureyrar
bjóða upp á lokað hópastarf
á miðstigi innan hvers skóla.
Þar er lögð áhersla á jákvæð
samskipti, að styrkja
sjálfsmynd barna og efla
félagslega færni þeirra. Að
auki er boðið upp á opið starf
félagsmiðstöðvanna.
Nánari upplýsingar hjá
olafiag@akureyri.is**



Akureyrarbær
SAMFÉLAGSSVIÐ

**Tómstundastarf
grunnskóla Akureyrar
Punkturinn
Rósenborg
Skólastígur 2
Sími 460 1244**

**Netfang:
tomstund@akureyri.is**

NAUSTASKÓLI

**Tómstundastarf
barna
sept-des
4.-7. bekkur
2019**



Múmiur og myrkraverk

Múmiur og myrkraverk - 2 skipti

Leiðbeinandi: Guðrún Björg Eyjólfsdóttir

list- og handverksleiðbeinandi

Búna eru til skelfilegar skreytingar fyrir hrekkjavöku-partýið. Gerviblóð, köngulær, þurrkaðir hausar og eitthvað fleira. (svipuð verkefni og í fyrra)

Komdu ef þú þorir...

Tímabil: 15. og 22.okt. kl. 15:00-16:30

Verð: 3.500.-

Mæting í Rósenborg, Skólastíg 2, 1. hæð.

Lágmark 4 börn. Hámark 8 börn.

Skapandi skart - 3 skipti

Leiðbeinandi: Súsanna Kristinsdóttir

list- og handverksleiðbeinandi

Langar þig að búa til öðruvísi skart? Vinnum með allskonar efnivið t.d. fimo, perlur, gúmmí og leður. Í síðasta tímanum verður svo búið til fallegt skartgripahengi.

Tímabil: 11. 13. og 18.nóv, kl 15-16:30.

Verð: 5.200.-

Kennt í Rósenborg, Punktinum 1. hæð. Skólastíg 2.

Lágmark 4 börn. Hámark 8 börn.

Pop-art verk - 2 skipti

Leiðbeinandi: Bryndís Fanný Halldórsdóttir

list- og handverksleiðbeinandi

Við tökum mynd af þér, færum hana yfir á striga og þú „poppar“ hana upp með líflegum litum. Eigulegt listaverk í anda Andy Warhol.

Tímabil: 5. og 7.nóv, kl. 15:00-16:30

Verð: 4.000.-

Kennt í Rósenborg, Punktinum 1. hæð. Skólastíg 2.

Lágmark 3 börn. Hámark 4 börn.



Ágæti nemandi og foreldri !

Þá hefst tómstundastarfið á nýjan leik. Eitt af markmiðum samfélagssviðs er að leitast við að gera öllum börnum og unglingum kleift að sækja tómstundastarf að skóladegi loknum.

Skráning fer fram á matartorgi skólans.

Ef þú þarft aðstoð við skráningu eða óskar

eftir að nota frístundastyrk

Akureyrarbæjar fyrir námskeið, þarf að

senda tölvupóst á tomstund@akureyri.is

Frístundastyrkurinn er nú 35.000 kr.

ATH ekki verður opnað fyrir skráningu fyrr en **kl 16:30 daginn sem kynningin fer fram.**

Það sama gildir með skráningu í gegnum tölvupóst. Reynt er eftir bestu getu að búa til ný námskeið fyrir börn sem lenda á biðlista.

Skráning á biðlista er með tölvupósti

Skráningar og mætingar eru að sjálfsögðu á ábyrgð forráðamanns og er því ekki minnt á námskeið.

Námskeiðsgjald er ekki endurgreitt, nema ef um veikindi er að ræða (tilkynna fyrir námsk)

Ef barnið þitt þarf aukna aðstoð eða er að kljást við hegðunarvanda óskum við eftir að vera látin vita af því svo hægt sé að gera ráðstafanir.

Einnig er hægt að nálgast bæklinginn á á heimasíðu Rósenborgar www.akureyri.is/rosenborg
Með góðri kveðju
starfsfólk tómstundastarfsins

Brjóstsykursgerð - 2 skipti

Leiðbeinandi: Dögg Tavsén

list- og handverksleiðbeinandi

Búna til ýmsar tegundir af dásamlegum brjóstsykri.

Tímabil 1: 1. og 3.okt, kl. 15-16:30.

Tímabil 2: 28. og 30.okt, kl. 15-16:30.

Verð: 4000.-

Kennt í Rósenborg 2.hæð Skólastíg 2.

Lágmark 4 börn. Hámark 8 börn.

Tálgun - 4 skipti

Leiðbeinandi: Ólafur Sveinsson

myndlistamaður og kennari.

Farið verður í grunn-atriði hnífins, hvernig er hnífnum beitt og tæknina.

Tálgaðar litlar figúrur t.d. fuglar, karlar eða annað skemmtilegt.

Tímabil: 21. 23. 28. og 30.okt, kl. 16:30-18:00.

Verð: 6.900.-

Kennt í Rósenborg, Punktinum 1.hæð Skólastíg 2.

Lágmark 4 börn. Hámark 5 börn.

Verkstæði jólasveinsins 3 skipti

Leiðbeinandi: Guðrún Björg Eyjólfsdóttir

list- og handverksleiðbeinandi.

Á verkstæði jólasveinsins verður búið til fallegt jóladagatal. Við hvern dag er útbúinn miði með samverustundum fyrir fjölskylduna. T.d. fara út í snjókast, baka piparkökur, fara í jólahúsið oph. Eigulegt dagatal sem hægt er að nota ár eftir ár.

Tímabil: 12. 14. og 19.nóv kl 15:00-16:30

Verð: 5.200.-

Kennt í Rósenborg/Punktinum 1. hæð. Skólastíg 2.

Lágmark 4 börn. Hámark 8 börn.

